

## 24. fundur

Fundur var haldinn hjá æskulýðs- og íþróttanefnd fimmtudaginn 1. mars 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Katrín Pálsdóttir, Margrét Ísleifsdóttir, Mattías Arnar Þorgrímsson, Vignir Sveinsson, Dallilja Inga Steinarsdóttir, Ingi Ingason,

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Skýrslur forstöðumanna.

Vignir sagði frá að mikil aukning er á að fólk haldi uppá barnaafmæli í íþróttahúsi, kemur vel út, verið að spá í að auglýsa. Öskudagsball tókst vel. TBR var með æfingabúðir s.l. helgi búnir að panta aftur eftir hálfan mánuð. Héraðsmót oldboys í fótbolta haldið hér og okkar lið vann. Húsið vel nýtt v. körfuboltaleikja, meistaraflokkur karla og kvenna ásamt Mostra. Í apríl væntanlegt flugukastnámskeið. Komin fyrirspurn v. plötusnúðatónleika og dansleiks, þarf mikinn fjölda áhorfenda til að þetta svari kostnaði hjá þeim, mikið battery. Kvennaklefi að komast í gagnið aftur.

Inga Dalla sagði frá að það var stórt jólaball á vegum félagsmiðstöðvarinnar, leiksýningin Frelsi og ball þar sem Stuðbandið spilaði, þar voru líka krakkar annarsstaðar af Nesinu, tókst vel. Söngvakeppni grunnskólanna á Vesturlandi var haldin hér á hótelinu með miklum glæsibrag, okkar krakkar í öðru sæti. Svo er verið að fara í Reykjavík á morgun með 38 krakka hóp úr 9. og 10. bekk til að taka þátt í aðalkeppninni, verður gíst á hótél Vík. Öskudagsball fyrir eldri krakkana tókst mjög vel og spilaði hljómsveitin Spandex, sú sem keppir fyrir okkar hönd á Samfés söngvakeppninni. Hugmynd kom fram um að fulltrúi úr ungmennaráði sitji í dönskudaganefnd, 17.júní nefnd o.þ.h. Forvarnavika verður á vegum félagsmiðstöðvanna á Nesinu rétt fyrir páska. Krakkarnir hafa fengið aðstöðu í félagsmiðstöðinni til hljómsveitaæfinga, Sigmar Hinriks hefur verið að aðstoða krakkana, mjög vel notað og krakkarnir verið að standa sig mjög vel. Frostrósín stuttmyndasamkeppni var í síðustu viku og spurningakeppnin Skarphéðinn er að skella á, eru þessar keppnir samvinnuverkefni félagsmiðstöðvar og skóla.

### 2. Önnur mál

Lögð voru fram drög að skýrslu frá ungmennaráði, lofar mjög góðu, það rætt. Rafn Rafnsson sem hefur séð um íþróttavöllinn s.l. 2 sumur, ætlar ekki að taka það að sér næsta sumar, svo það þarf mann til þess.

Fundi slitið

Sign

Margrét Ísleifsdóttir ritari

Katrín Pálsdóttir formaður